

Fylgiskjal með stefnu þjóðkirkjunnar um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar.

Verkferlar og leiðir til úrlausna í málum.

Hér er tilgreint bæði formlegt verklag, þegar fram kemur tilkynning um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi í vinnuumhverfi þjóðkirkjunnar og óformlegt verklag, þegar viðkomandi óskar ekki eftir að mál fari í formlegan feril.

Viðkomandi getur tekið ákvörðun um hvort hann vilji bíða og sjá til hvernig mál þróast. Hann getur valið að ræða sjálfur milliliðalaust við meintan geranda eða með aðstoð þriðja aðila eða tekið ákvörðun um að fara í formlegt ferli.

Atvinnurekanda ber samkvæmt reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nr. nr. 1009/2015 skylda til að láta slíka háttsemi ekki viðgangast á vinnustað. Starfsmaður þarf því að gera sér grein fyrir að e.t.v. verður atvinnurekandi að hefja athugun máls jafnvel þótt starfsmaður ákveði að tilkynna málið ekki formlega. Frumkvæðisathugun er ekki einstaklingsmál og ekki rannsókn á málum tiltekins starfsmanns líkt og þegar tilkynning berst frá þolanda heldur er þá framkvæmd almenn könnun á tilteknum atriðum á starfsstað (vinnustaðamenningu, stjórnunarháttum og þess háttar).

Óformleg aðstoð/samtal.

Milliliðalaus samskipti.

Ef þolandi upplifir að framkoma einhvers gagnvart sér fari yfir almenn samskiptamörk eða geti talist einelti eða áreitni, getur hann ákveðið að ræða málið milliliðalaust við geranda. Í sumum tilfellum áttar gerandi sig ekki á því að hegðun hans hafi farið yfir mörk eða hafi haft neikvæð áhrif á viðkomanda.

Aðstoð þriðja aðila.

Polandi getur leitað ráða eða upplýsinga hjá yfirmanni, trúnaðarmanni (sé starfsmaður vinnandi á biskupsstofu), mannauðsstjóra eða sérfræðingi teymis þjóðkirkjunnar. Í slíkum tilfellum þarf viðkomandi ekki að nafngreina meintan geranda og trúnaðar verður gætt í hvívetna.

Hlutverk sérfræðings teymis þjóðkirkjunnar í óformlegri aðstoð er að kynna sér sjónarmið aðila, miðla málum, ræða óformlega við þolanda, meintan geranda og aðra eftir atvikum.

Sá sem veitir ráðgjöf hugar að líðan þolanda og meints geranda og kannar hvort þörf er á stuðningi eða frekari leiðsögn hjá fagaðila.

Formlegar aðgerðir.

Formlegar aðgerðir fela í sér að meint einelti eða áreitni er tilkynnt skriflega. Könnun á málsatvikum fer fram og niðurstaða fengin um það hvort einelti eða áreitni hafi átt sér stað og gerð er áætlun um næstu skref.

Málsmeðferð.

Haga skal allri málsmeðferð til samræmis við stjórnsýslulög nr. 37/1993 og fara skal með allar persónuupplýsingar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Um trúnað og afhendingu gagna fer m.a. samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ferli máls.

1. Tilkynning.

- a) Tilkynnt er um meint einelti og áreitni á eyðublaði sem finna má á vef þjóðkirkjunnar, undir mannauðsmál/einelti og áreitni. Eins má tilkynna með munnlegum hætti til mannauðspjónustu eða teymis þjóðkirkjunnar sem sjá um að skrá málið á eyðublaðið. Á eyðublaðinu þurfa að koma fram nöfn meints geranda og þolanda, nafn starfsstöðvar og hvert er umkvörtunarefnið, lýsing, hvar, hvenær, hverjir og hvernig. Aðeins er tekið við tilkynningum undir nafni. Fyrirliggjandi gögn geta auk þess varpað ljósi á málið.

- b) Tilkynninguna er hægt að senda til mannauðsstjóra eða teymis þjóðkirkjunnar.
- c) Teymið tekur tilkynningu til vinnslu og skuldbindur sig til að skoða einungis þá þætti sem þar eru tilgreindir. Komi frekari kvartanir fram, á meðan á vinnslu stendur, frá tilkynnanda eða öðrum aðilum máls skal það vera efni í aðra ótengda tilkynningu óski einstaklingur að fá þær kvartanir sérstaklega kannaðar.
- d) Berist teymi upplýsingar um brot frá öðrum en þolanda skal það boða hann til sín og upplýsa hann um það. Jafnframt skal teymið upplýsa viðkomandi um réttindi sín og verklag þjóðkirkjunnar í slíkum málum. Óski þolandi þess að ekki skuli gert neitt í málinu að svo stöddu er hvorki um frekara inngrip né íhlutun að ræða að hálfu teymisins. Í tilfellum sem þessum þarf að gera þolanda skriflega grein fyrir því að hendur teymisins eru bundnar hvað varðar frekari vinnslu og skal það skjalfest. Þó má ávallt taka upp mál að nýju að beiðni þolanda.
- e) Sá sem tilkynnir um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða annað ofbeldi á rétt á því að draga tilkynninguna til baka og skal það gert með skriflegum hætti. Vinnuveitanda ber þó að kanna hvort ástæða sé til hefja frumkvæðisathugun svo sem á vinnustaðamenningu og samskiptum fólks á vinnustað eins og greinir frá hér að framan.

2. Verkáætlun.

- a) Teymið upplýsir aðila um málsmeðferð og leggur fram tímasetta verkáætlun.
- b) Miðað er við að upplýsingaöflun sé lokið innan 8 vikna og ef dráttur verður á og tímasetningar verkáætlunar breytast skal þess gætt að upplýsa þolanda og meintan geranda um framvindu málsins.
- c) Í þeim tilfellum þar sem tilkynnt mál er verulegum vandkvæðum bundið eða að ljóst er að athuganir muni ekki bera árangur af einhverjum orsökum skal teymið að höfðu samráði við tilkynnanda máls hætta vinnslu þess.
- d) Sé það mat teymis að kvörtun eigi ekki við rök að styðjast þarf engu að síður að kanna aðstæður eða atburðarás sem leiddi til þess að starfsmaður taldi sig knúinn til að kvarta yfir öðrum starfsmanni.

Ákveða þarf eftirfylgni og leiðir til að vinna að því að koma samskiptum aftur í ásættanlegt horf sé þess kostur.

3. Könnun máls – teymi.

- a) Leitast skal við að tveir sérfræðingar úr teymi þjóðkirkjunnar séu til staðar í viðtölum.
- b) Ávallt skal upplýsa þolanda og meintan geranda fyrirfram um ferlið og gang mála. Teymið getur óskað eftir aðstoð eða ráðgjöf utanaðkomandi fagaðila við vinnslu málsins. Hafa skal samráð við þolanda þegar leitað er utanaðkomandi aðstoðar. Í þeim tilfellum hefur teymið það hlutverk að vera tengiliður við þann utanaðkomandi aðila sem fer með vinnslu málsins og sér um boðanir í viðtöl og almenna upplýsingagjöf til málsaðila.
- c) Til að niðurstaða könnunar verði trúverðug er mikilvægt að leitast við að tryggja að rannsakendur séu óháðir málsaðilum. Reynt er að tryggja að báðir aðilar, þolandi og meintur gerandi, séu sáttir við þá aðila sem fengnir eru til að rannsaka mál.
- d) Ef á einhverju tímamarki í ferlinu vaknar grunur um að um sé að ræða refsivert athæfi hefur teymið leiðbeinandi hlutverk. Varði kvörtunin barn er málið tilkynnt til viðkomandi barnaverndaryfirvalda samkvæmt gildandi lögum.

4. Könnun máls – viðtöl.

- a) Þolandi er boðaður í viðtal og farið yfir tilkynningu hans um ofbeldi, einelti eða áreiti. Hann upplýstur um ferli eineltis- og áreitnimála. Eins er könnuð þörf hans fyrir sálfræðilegan stuðning. Í þessu viðtali er kannaður grundvöllur fyrir áframhaldandi könnun máls með tilliti til skilgreininga eineltis og áreitnis.
- b) Meintur gerandi er boðaður í viðtal þar sem honum er afhent efni fyrirbyggjandi tilkynningar um meint einelti af hans hálfu og skal einnig bent á rétt hans til að hafa með sér trúnaðarmann (frá biskupsstofu, ef við á) eða fulltrúa stéttarfélags síns eða annan aðila í viðtalið. Honum er kynntur andmælaréttur og að hann fái 10 daga til að koma sínum sjónarmiðum eða skýringum á framfæri hvort sem er í viðtali eða með skriflegum hætti. Mögulegt er að andmælafrestur fáiast framlengdur ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi. Eins er könnuð þörf hans fyrir stuðning og/eða ráðgjöf.

- c) Vitni sem aðilar máls telja að geti staðfest umrædda hegðun eða atburði eru, eftir atvikum, boðuð í viðtal. Rætt er við aðra sem geta veitt upplýsingar um málið t.d. yfirmenn og samstarfsmenn en forðast skal að draga fleiri inn í málið en nauðsynlegt er. Oftast er rætt við einn aðila í einu. Hægt er að óska eftir eða mælast til að aðilar ræði ekki um málið á vinnustað eða opinberlega á meðan mál er í vinnslu.
- d) Ef meintur gerandi mætir ekki eða neitar að mæta í boðuð viðtöl þrátt fyrir hvatningu yfirmanns og ítrekuðum tilmælum teymisins er málið engu að síður kannað eins og tilefni er til og hægt er eftir atvikum. Ekki er þó hægt að leiða málið með fullnægjandi hætti til lykta. Skal þá vinnslu málsins hætt að höfðu samráði við tilkynnanda.

5. Gögn – trúnaður.

- a) Rætt er um trúnað við könnun máls við alla málsaðila. Allir þeir sem rætt er við þurfa að fá að vita það fyrirfram að um er að ræða opið og gegnsætt vinnsluferli og munu aðilar máls sjá skráningar viðtala sem höfð eru við aðra í tengslum við málið. Aðilar sem rætt er við eiga einnig að fá tækifæri til að lesa yfir það sem haft er eftir þeim í endanlegri álitsgerð um málið og þeim gefin kostur á að breyta eða lagfæra framburð sinn.
- b) Málsaðilum er gerð grein fyrir að þeir hafi rétt á að fá aðgang að upplýsingum og gögnum í málinu, að teknu tilliti til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- c) Á öllum fundum er varða viðkomandi mál er rituð fundargerð. Fundargerðir skulu vera á stöðluðu formi og koma þarf fram: hvar, hvenær, númer máls, málsaðilar, hverjir mættir, hvaða gögn lögð fram, ef einver, og helstu ákvarðanir. Öll gögn eru stimpluð trúnaðargögn og vistuð í skjalavistunarkerfi.
- d) Við lokavinnslu álitsgerðar er fundað með aðilum máls, hvorum fyrir sig, og þeim boðið að lesa yfir framburð sinn, ef viðkomandi vildi koma að athugasemdum sínum fyrir lok álitsgerðar. Komi fram athugasemdir og/eða óskar að breyta framburði eða leiðrétta hann skal það gert eða í það minnsta skal skrá óskir viðkomandi um breytingar.

- e) Aðilar máls og biskup Íslands, eins og tilgreint er í starfsreglum, skulu fá niðurstöðu máls, eins fljótt og unnt er. Mælt er til að aðilar fari með gögn sem trúnaðarmál.
- f) Vitni fá ekki afhent afrit af trúnaðargögnum öðrum en eigin vitnisburð.
- g) Í þeim tilvikum þar sem teymið verður ekki sammála um niðurstöðu skilar það meiri- og minni hluta niðurstöðu.

6. Meðan könnun stendur yfir.

Meðan á athugun máls stendur þarf e.t.v. að tryggja öryggi og velferð starfsfólks og heilbrigt starfsumhverfi með eftirfarandi hætti:

- Tímabundnar breytingar á starfi/störfum aðila máls.
- Aðgerðir sem miða að takmörkun á samveru eða samskiptum viðkomandi.
- Aðili/aðilar tímabundið leystur/leystir undan starfsskyldum.
- Aðrar tímabundnar öryggisráðstafanir.

7. Í kjölfar niðurstöðu.

Að fenginni niðurstöðu teymis þjóðkirkjunnar í hverju máli taka kirkjuleg yfirvöld ákvörðun um til hvaða aðgerða skuli gripið á viðkomandi starfsstöð. Þær geta m.a. verið eftirfarandi:

- Sáttamiðlun með aðstoð þriðja aðila.
- Ráðgjöf (mögulega við báða aðila) - leiðbeiningarsamtal.
- Endurmenntun eða þjálfun.

Önnur ámælisverð hegðun, en einelti eða áreitni, getur að sama skapi leitt til hliðstæðra aðgerða, þótt niðurstaða könnunar teymis þjóðkirkjunnar leiði í ljós að hún falli ekki undir skilgreiningu eineltis eða áreitni.

Ef áreitni- eða eineltismál koma upp á vinnustað skulu kirkjuleg yfirvöld huga að fyrirbyggjandi aðgerðum.

Að lokum skal sérstaklega tekið fram að hver og einn sem telur að á sér hafi verið brotið getur, á hvaða stigi máls sem er, lagt mál sitt fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar og almenna dómstóla.